

## Ágrip

Lítið hefur verið tekið saman um breytingar á jöklunum í hlíðum Öræfajökuls ofan við bæinn Kvísker. Í þessari grein, þar sem þeir eru nefndir Nyrðri- og Syðri-Kvískerjajökklar, rekjum við hvernig jökultungurnar hafa breyst, auk þess að áætla flatarmáls- og rúmmálsbreytingar frá hámarksstöðu á litlu ísöld til 2011. Af nokkrum rituðum heimildum má álykta að þessir jökklar hafi þegar verið búnir að ná hámarksstærð á 18. öld. Þar er stuðst við lýsingar í skrifum Sveins Pálssonar, náttúrufræðings, en einnig legu fremstu jökulgarða.

Sveinn Pálsson gekk á Öræfajökul við þriðja mann í ágúst 1794 og lýsir jökulgarði utan á hól sem jökullinn hafði þá hopað örfáa faðma frá (Sveinn Pálsson, 1945; Flosi Björnsson, 1957). Garður þessi er í um 750 m hæð vestan í Sveinshöfða og mætti kalla „jökulgarð Sveins“. Sveinn segir einnig í dagbók sinni að gilið vestan við Kvísker nái upp að jöklinum. Til þess að svo megi vera þurfti jökullinn að fylla Rótarfjallsgljúfur og ná yfir syðri brún þess því annars hefði Sveinn ekki séð til hans frá láglandi. Á brún gljúfursins í um 550 m hæð eru jökulgarðar og grunnir vatnsfarvegir sem geta stutt athugasemd Sveins. Má ætla að jökullinn hafi hvílt nokkuð tíma á brúninni en jafnframt gengið þar fram og aftur nokkrum sinnum. Fjalllendið ofan Kvískerja er giljött og til þess að komast að jöklinum ráða gljúfrin leiðarvali. Sveinn Pálsson minnst hins vegar hvorki á gljúfur eða hindranir á leið hans á Öræfajökul 1794. Það gæti bent til þess að Rótarfjallsgljúfur hefi verið undir ís og því ekki sú hindrun og það varð eftir að jökull hvarf úr því. Ystu jökulgarðar við Múlagljúfur eru í 360–380 m hæð y.s.

Venjulega eru íslenskir jökklar sagðir hafa náð hámarksstærð um 1890. Á það almennt við um stærstu jöklana en ýmislegt bendir til að brattir jökklar hafi náð hámarksstöðu fyrr. Nefna má frásagnir um að Hrutárjökull hafi verið stærri um 1830–1840 en síðar á 19. öld, en þeim fróðleik héldu bræðurnir á Kvískerjum til haga og birtu m.a. í Jökli. Þó að lýsingar á legu Kvískerjajökla á 19. öld séu fáar má ætla að jökultungurnar hafa verið af svipaðri stærð fram á síðustu áratugi hennar og náð niður í Rótarfjallsgljúfur og Múlagljúfur. Af lýsingu enska trúboðans Ebeneser Henderson, sem fór um Öræfasveit árið 1815, er ljóst að þá lá ísinn í gljúfrunum. Þorvaldur Thoroddsen (1894) segir mjallhvíta, mjóa jökultungu ná í botn Múlagljúfurs. Talsverðar breytingar urðu á syðri tungunni nálægt 1900 og samkvæmt Flosa Björnssyni (1957) geta honum eldri menn þess að jökullinn hafi enn verið við brún Rótarfjallsgljúfurs um 1870–1880 en ekki náð að fremstu jökulöldunni. Jökullinn mun hafa eyðst hratt nálægt aldamótunum 1900 en hopað alveg úr gljúfrinu um 1930. Jökultotan í Múlagljúfri tók einnig að eyðast upp úr 1930 og hvarf þaðan á fáum árum. Kort danska herforingjaráðsins af Öræfajökli frá árinu 1904 sýnir Múlagljúfur en ekki Rótarfjallsgljúfur. Þar verður ekki annað séð en að sléttur jökull hafi náð niður í 500 m hæð. Landmælingamennirnir fóru hins vegar ekki um Kvískerjafjöllin, heldur drógu þeir landslagið upp eftir bestu ágiskun. Það gerðist víðar meðan landmælingarnar fóru fram (Ágúst Böðvarsson, munnleg heimild, árið 1994). Flosi Björnsson (1998) segir jökullinn hafa teygt sig niður í botn Múlagljúfurs á fyrstu áratugum 20. aldar. Ljósmyndir í safni Kvískerjasystkina frá um 1930 og frá Graf Zeppelin loftfarinu (31. júlí 1930) sýna að á þeim tíma var enn jökultota í Múlagljúfri en slitin sundur við gljúfurbrúnina. Flosi segir að jökullinn fremst á Múla hafi enn ekki verið farinn að hopa að ráði um 1930 og styður ljósmyndin sem var tekin frá Zeppelin loftfarinu þá frásögn. Helgi (1925–2015) og Hálf dán (1927–2017) Björnssynir sögðu greinarhöfundu (Sn. G.) að í þeirra minni var jökultungan enn í gljúfurbotninum en mikið tekin að þynnast. Þá hafi fólk velt fyrir sér hvort foss leyndist á bak við hana og þegar jökullinn síðan hvarf reyndist svo vera (munnleg frásögn Hálf dás og Helga Björnssonar, árið 2015).

Kvískerjajökklar eru á meðal minnstu skriðjökla sem falla frá Öræfajökli. Þeir svara ört breytingum í loftslagi. Þeir hopuðu töluvert fram yfir miðja 20. öldina en tóku að vaxa í kringum 1980. Á þeim tíma voru gervitunglagögn orðin aðgengileg svo unnt var að fylgjast með jöklabreytingum á hverju ári. Áratugina á eftir gengu tungurnar ýmist fram eða hopuðu. Lengst fram munu þeir hafa náð um 1992 en þá var jaðar nyrðri tungunnar meira en 300 m framar en árið 1945 og 100 m neðar. Eftir síðustu aldamót tóku þessar jökultungur að hopa ört en nýverið varð vart við að fremstu hlutar þeirra höfðu þykkað eilítið.

### Þakkir

Kvískerjabræðrum, Flosa, Sigurði, Helga og Hálf dani Björnssonum, eru þakkaðar margar fróðlegar samræður um efni greinarinnar. Verkefnið var styrkt af Kvískerjasjóði og vinum Vatnajökuls. Við þökkum Tómasi Jóhannessyni og David Evans fyrir yfirlestur og góð ráð.